

**Nd.**

**513. Breytingartillögur**

við frv. til laga um kynbætur hesta.

**I. Frá Jóni Sigurðssyni og Pjetri Otlesen.**

1. Við 1. gr.:

Fyrir »1<sup>1</sup>/<sub>2</sub> árs« komi: 2 vetra.

2. Við 2. gr.:

Fyrri málslíður orðist svo:

Í hverjum hreppi skal vera hrossakynbótanefnd, skipuð 3 mönnum.

**II. Frá Pjetri Þórðarsyni.**

Aftan við 2. gr. bætist:

Þó má skipa nefndina samkvæmt ákvæðum hrossakynbótasamþykta.

**III. Frá Jóni Sigurðssyni og Pjetri Ottesen.**

1. Við 3. gr.:

Síðari málsgr. orðist svo:

Hrossakynbótanefnd getur leyft, að kynbótahestar gangi lausir í heimahögum.

2. Við 5. gr.:

Fyrri málsliður annarar málsgreinar orðist svo:

Nú vanrækir eigandi eða umráðamaður að láta gelda hest sinn, og skal hann þá sekt gjalda og auk þess skaðabætur, ef tjón hlýst af.